

Karlmenn eru hið veika kyn 21. feb. 2016

Af veiku kyni: Ég er svo lánsamur að eiga fjóra litla, yndislega afastráka (og eina yndislega afastelpu.) Elsta barnabarnið byrjar senn í skóla. Hvaða hugmyndir munu þau fá um karlmenn? En eins og alkunna er, mótast sjálfsvitund og kynskilningur af ríkjandi viðhorfum, uppeldi og kennslu. Viðhorf í garð drengja/karla eru skelfileg og áróðurinn gegn þeim ærumeiðandi. Ætli þeim verði líka gert að hlusta á fræðslu farandkvenfrelsara um meðfædda kvenvonsku karlpeningsins í skólanum. Ég vona, að kvenfrelsarar sjái bráðum að sér, eftir óslitna (hér um bil) kvenfrelsun síðan í frönsku byltingunni (um tvær og hálföld). Og ekki bætir sífelld endurkvenfrelsun úr skák. Gott dæmi um eina slíka voru stúlkurnar, sem fyrir nokkrum mánuðum síðan höfðu ríka þörf fyrir aða bera á sér brjóstin. Það hafa konur gert frá dögum hippanna og hins frjálsa kynlífs. Láí mér hver, sem vill, en ég ber kvíðboða fyrir þroska drengjanna minna í þessu tilliti.

Læt hér fylgja nokkrar staðreyndir um veika kynið í vestrænum samfélögum samtímans:

Líf karla styttra en kvenna. Margfalt meiri fjármunum er varið til heilsueflingar og heilbrigðisþjónustu kvenna en karla? Miklu meiri fjármunum er varið til rannsókna á heilsufarsmeinum kvenna en karla.

Drengir standa lakar að vígi en stúlkur í skóla. Þeir eru oftast reknir úr skóla, eiga oftast í erfiðleikum með nám, hegðunarvandkvæði eru margfalt algengari, og þeir leggja síður stund á háskólanám.

Karlar verða miklu oftast fyrir vinnuslysum og fá vinnutengda sjúkdóma en konur og láta miklu oftast lífið við vinnu sína en konur gera.

Karlmenn fylla fangelsin. Mikill meirihluti drengja, sem hafa komist í kast við lögin, hafa ekki notið uppeldis fedra sinna.

Miklu fleiri börn búa hjá mæðrum sínum, eftir skilnað, en feðrum? Verulega hallar á feður í forsjárdeilum. Miklu fleiri drengir og karlmenn svipta sig lífi, en stúlkur og konur. Sjálfsvíg eru ein helsta dauðorsök karlanna. Piltar, brottreknir úr skóla, eru áberandi meðal þeirra, er falla fyrir eigin hendi. Sama á við um atvinnulausa karlmenn. Mikill meirihluti ungra karla í sjálfsvígshugleiðingum hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tæi. Karlar eru miklu líklegri en konur til að svipta sig lífi, þegar hallar undir fæti fjárhagslega. Samkynhneigðir karlar verða miklu oftast fyrir aðkasti og ofsóknum, en samkynhneigðar konur. Almennt eru karlar oftast fórnarlömb glæpa og ofbeldis. Þeir verða oftast heimilislausir. Þeir eru í meirihluta fíkniefnaneytenda.